

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um samskipti við heilbrigðisstarfsfólk.

Frá Indriða Inga Stefánssyni.

1. Hefur verið kannað hversu oft sjúklingur hefur ekki getað greint frá einkennum sínum í samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk? Ef svo er, hvað leiddi könnunin í ljós? Ef svo er ekki, kæmi til greina að kanna hversu oft slíkt gerist?
2. Kæmi til greina að útbúa íslenska þýðingu á orðum og hugtökum er snerta algenga verki, líkt og finna má á síðunni *sayyourpain.com* þar sem sjúklingar geta valið tungumál og bent á hvað amar að þeim?

Skriflegt svar óskast.